



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

50. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 22. ágúst 2014 kl. 14:00 í fundarsalnum SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ófeigur Friðriksson

Garðabær:

Almar Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær.

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. **Afgreiðsla á tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til auglýsingar**
Fyrir svæðisskipulagsnefnd lá að samþykkja tillögu að nýju svæðisskipulagi í auglýsingu skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillögu að nýju svæðisskipulagi skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir staðfestingu aðildarsveitarfélaganna á afgreiðslu nefndarinnar.

Stefnt er að því að halda sameiginlegan kynningarfund fyrir alla kjörna fulltrúa aðildarsveitarfélaga föstudaginn 5. september.

2. **Umhverfisskýrslu svæðisskipulagstillögunnar, kynning og afgreiðsla**
Hrafnhildur Brynjólfssdóttir frá Alta, kynnti helstu niðurstöður umhverfismats svæðisskipulagstillögunnar. Fyrir svæðisskipulagsnefnd lá tillaga að samþykkja að auglýsa umhverfisskýrslu skv. 1. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að auglýsa umhverfisskýrslu samhliða svæðisskipulagstillögunni sk.v 1. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Óskað er eftir staðfestingu aðildarsveitarfélaganna á afgreiðslu nefndarinnar.

Í ljósi þess langa afgreiðslutíma sem Umhverfisstofnun hefur gefið upp á afgreiðslu umsagna, 120 dagar, samþykkir nefndin að senda stofnunninni umhverfisskýrsluna strax til umsagnar.

3. Skýrsla um tillögu um næstu skref í þróun samgöngukerfa

Þorsteinn Hermannsson frá Mannviti kynnti drög að skýrslu um tillögur að næstu skrefum í þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslan hefur fengið rýni á faghóp um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða:

Samþykkt frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál

Stefnt að því að næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verði föstudaginn 3. október kl. 15:00.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:20.